

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sif Tulinius  
fiðla  
Steinunn Birna Ragnarsdóttir  
píanó

**Sif Tulinius** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir leiðsögn Guðnýjar Guðmundsdóttur vorið 1991. Hún hélt til Bandaríkjanna til frekara náms og lauk Bachelor of Music gráðu frá Oberlin College, Ohio þar sem kennarar hennar voru hjónin Almita og Roland Vamos og síðan Master of Music gráðu frá Stony Brook University í New York undir handleiðslu Joyce Robbins og Joel Smirnoff, fyrsta fiðluleikara hins þekktu Juilliard strengjakvartetts. Sif hefur komið fram sem einleikari og tekið þátt í flutningi kammertónlistar í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan. Hún var stofnandi og meðlimur stengjakvartettsins Khali og lék með honum m.a. í Tanglewood Center for Music, Massachusetts, Prussia Cove Englandi og á sumartónleikum í Skálholti. Hún var einnig meðlimur Íslenska strengjaoktettsins sem lék með Björk Guðmundsdóttur á tónleikaferðalögum bæði vestan hafs og austan. Sif hefur tekið virkan þátt í flutningi nútímatónlistar og hefur unnið í samvinnu við ýmis tónskáld, m.a. George Crumb, Sofiu Gubaidulinu og er reglulega boðið að leika með hinum þýska tónlistarhópi Ensemble Modern. Sif kemur reglulega fram á tónleikum á Íslandi og af verkefnum síðustu mánaða má nefna einleik með Kammersveit Reykjavíkur þar sem frumflutt var á Íslandi Partita eftir W. Lutoslawski, tónleikaferð með tónlistarhópnum Caput um Bandaríkin og Kanada og dúótónleika með Steinunni B. Ragnarsdóttur á árs afmæli Salarins í Kópavogi. Sif tók við starfi 2. konsertmeistara við Sinfóníuhljómsveit Íslands í nóvember síðastliðnum.

**Steinunn Birna Ragnarsdóttir** stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk einleikarprófi þaðan árið 1981. Kennari hennar var Árni Kristjánsson. Steinunn Birna lauk meistaraþátt frá New England Conservatory of Music í Boston, USA, árið 1987 undir handleiðslu Mr. Leonard Shure. Hún starfaði um tíma á Spáni sem einleikari og með ýmsum kammerhópum. Steinunn hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir leik sinn og tekið þátt í alþjóðlegum tónlistarhátíðum. Hún hefur haldið tónleika í Lettlandi, Þýskalandi, Englandi, Frakklandi, Færeyjum, Bandaríkjunum og síðast í Litháen, en þar var hún einleikari með „St. Christófer“ hljómsveitinni á tónlistarhátíðinni „Alma Mater“ í Vilnius. Hún hefur einnig komið fram hjá WGBH í þætti sem sendur var út um öll Bandaríkin og kynnti þar m.a. íslenska píanótónlist. Steinunn Birna er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunn. Hún hefur meðal annars leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur einnig gert geisladiska ásamt Bryndísi Höllu Gylfadóttur en diskur þeirra „Ljóð án orða“ hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 1998. Steinunn hefur verið virk í félagsmálum tónlistarmanna og starfað við dagsskárgerð við RÚV, þar sem hún gerði m.a. þætti um píanóleikara er nefndust „Þeir vísuðu veginn“. Hún var framkvæmdastjóri aldarafmælis Páls Ísólfsólfssonar í Þjóðleikhúsinu árið 1993. Steinunn Birna starfar sem píanókennari og píanóleikari við Tónlistarskólann í Reykjavík og er listrænn stjórnandi Reykholtshátíðar, sem haldin er síðustu helgina í júlí ár hvert.

### *Efnisskrá*

Arcangelo Corelli 1653-1713	La Folia í útsetningu F. Kreisler
Henri Wieniawski 1835-1880	„Souvenir de Moscou“ Airs Russes
Eugène Ysaÿe 1858-1931	Sónata fyrir einleiksfiðlu op.27 nr.4
Christoph W.von Gluck 1714-1787	Melodie í útsetningu F. Kreisler
Ernest Chausson 1855-1899	Poème
Maurice Ravel 1875-1937	Tzigane (Rapsodie de Concert)